

Föstudaginn 16. júní 1967.

Nr. 65/1967. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Kristjáni Arnfinni Kjartanssyni

(Örn Clausen hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skjalafals. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði var ekki starfsmaður í pósthúsinu í Reykjavík, er hann framdi misferli það um póstávisanir, sem í málinu greinir. Afbrot þetta varðar því einungis við 1. mgr. 155. gr. laga nr. 19/1940, en hvorki 138. gr. né 139. gr. nefndra laga.

Eins og í héraðsdómi greinir, falsaði ákærði ökuskírteini sitt í þeim tilgangi að villa á sér heimildir í sambandi við greiðslu póstávisana þeirra, er getið var. En þar sem ákærði notaði eigi hið falsaða skírteini í því skyni, tekur 1. mgr. 155. gr. lag nr. 19/1940 ekki til þessa atferlis hans. Ákærða verður því dæmd sýkna, að því er þetta ákæruatriði varðar.

Að öðru leyti hefur héraðsdómari fært sakaratriði til rétttra refsíákvæða.

Með hliðsjón af 77. gr. laga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði, en samkvæmt 76. gr. sömu laga er rétt, að gæzluvarðhald ákærða frá 19. til 23. nóvember 1966 komi refsivistinni til frádráttar.

Samkvæmt 81. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 26/1958 ber að svipta ákærða ævilangt leyfi til bifreiðarstjórnar.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslur til Landsbanka Íslands og málskostnað staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 10.000.00, og laun verjanda síns, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Arnfinnur Kjartansson, sæti fangelsi 8 mánuði, en framangreindur gæzluvarðhaldstími skal koma refsingunni til frádráttar.

Ákærði er ævilangt sviptur leyfi til bifreiðarstjórnar.

Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 10.000.00, og laun verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. marz 1967.

Ár 1967, mánudaginn 6. marz, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 81/1967: Ákæruvaldið gegn Kristjáni Arnfinni Kjartanssoni, sem tekið var til dóms 27. f. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, útgefinni 18. f. m., gegn Kristjáni Arnfinni Kjartanssoni, Ægissíðu 115 hér í borg, fæddum 12. janúar 1944 í Reykjavík, „fyrir að:

I. Falsa í júlí og ágúst 1966 eftirgreinda 4 víxla, samtals að fjárhæð kr. 40.000.00, með því að rita á þá í heimildarleysi nöfn annarra manna eða nöfn af handahófi sem útgefenda, samþykkjenda og ábekinga og selja þá síðan í bönkum í Reykjavík, svo sem hér er nánar rakið:

1. Víxill, seldur Útvegsbanka Íslands, að fjárhæð kr. 10.000.00, útgefinn 22. ágúst 1966, með gjalddaga 22. nóvember sama ár, útgefandi og ábekingur Gísli Guðmundsson, Sólheimum 27 (svo ritað á víxli).

2. Víxill, seldur Útvegsbanka Íslands, að fjárhæð kr. 10.000.00, útgefinn 8. júlí 1966, með gjalddaga 8. október sama ár, útgefandi og ábekingur Guðmundur Gíslason, Sólheimum 25, samþykkjandi Kristján Kristjánsson, Fálkagötu 23.

3. Víxill, seldur Landsbanka Íslands, að fjárhæð kr. 10.000.00, útgefinn 10. ágúst 1966, með gjalddaga 10. nóvember sama ár,

útgefandi og ábekingur Guðmundur Gíslason, samþykkjandi Kristján Kristjánsson, Fálkagötu 21.

4. Víxill, seldur Búnaðarbanka Íslands, að fjárhæð kr. 10.000.00, útgefinn 26. ágúst 1966, með gjalddaga 26. nóvember sama ár, útgefandi og ábekingur Guðmundur Gíslason, samþykkjandi Kristján Kristjánsson.

Teljast brot þessi varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Falsa, laugardagskvöldið 15. október 1966, eftirgreindar þrjár póstávísanir, allar stílaðar á Harald B. Hallgrímsson, að fjárhæð samtals kr. 65.000.00, með því að nota í heimildarleysi stimpla póststofunnar í Reykjavík og undirrita þær með nafni starfsmanns á póststofunni, G. Einarsson, lauma ávísunum þessum 3 dögum síðar tilbúnum til sendingar í bréfalyftu á póststofunni og taka síðan sjálfur við fjárhæðum nefndra ávísana á póststofunum í Keflavík, Sandgerði og Hveragerði og kvitta á þær með nafnrituninni Haraldur B. Hallgrímsson:

1. Póstávísun nr. 21151, að fjárhæð kr. 20.000.00, stíluð á Harald B. Hallgrímsson, c/o Náttúrulækningaheimilið, Hveragerði, leyst út á pósthúsinu í Hveragerði 20. október 1966.

2. Póstávísun nr. 21152, að fjárhæð kr. 20.000.00, stíluð á Harald B. Hallgrímsson c/o Miðnes h/f, Sandgerði, leyst út á pósthúsinu í Sandgerði 21. október 1966.

3. Póstávísun nr. 21154, að fjárhæð kr. 25.000.00, stíluð á Harald B. Hallgrímsson, c/o Barnaskólinn, Keflavík, leyst út á pósthúsinu í Keflavík 19. október 1966.

Teljast þessi brot varða við 139. gr. og 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

III. Falsa ógilt ökuskírteini í október 1966 með því að vélrita á það nafnið Haraldur B. Hallgrímsson í stað eigin nafns í því skyni að framvísa skírteininu, ef hann yrði inntur eftir persónuskilríkjum við móttöku póstávísanafjárhæða þeirra, er getur hér að framan í II.

Telst þetta varða við 155. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

IV. Aka, föstudagsnóttina 21. október 1966, undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 18112 frá veitingahúsinu Þórscafé í Reykjavík að Hólmgarði 56 og þaðan aftur að Þórscafé.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlag nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislag nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar og til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengis-laga.“

Málavextir.

Ákærði réðst að loknu prófi úr verzlunarskóla árið 1963 til starfa í pósthúsinu í Reykjavík. Starfaði hann þar til vors 1966, er hann tók við starfi í bókhaldi Landssímans, og hélt hann því, unz rannsókn var hafin út af brotum þeim, sem þetta mál snýst um.

Leitt er í ljós með framburði ákærða sjálfs og öðrum gögnum, að ákærði seldi á s.l. ári fjóra víxla með fölsuðum nafnritunum í bönkum hér í borg, og verða nú rakin einstök atriði varðandi hvern víxil um sig.

1. Víxill, útgefinn 22. ágúst 1966, gjalddagi 22. nóv. 1966, fjárhæð kr. 10.000.00. Ákærði samþykkti sjálfur þennan víxil, en falsaði nafnið Gísli Guðmundsson, Sólheimum 27, sem útgefanda og framseljanda á víxlinum. Gísli Tómas Guðmundsson heitir póstaðgreiðslumaður, er býr í Sólheimum 25, og hafði ákærði hann í huga. Komið er fram, að hann hafði áður gefið út víxla að beiðni ákærða. Ákærði kannast við, að hann hafi aldrei fengið leyfi Gísla til að rita nafn hans á víxil þann, er áður greinir, en segist hafa gert það, af því að hann hafi ekki náð í hann, en hann hafi treyst því, að Gísli Tómas mundi hafa gefið út víxilin, ef hann hefði náð til hans. Víxillinn var afsagður vegna greiðslufalls 24. nóv., en hinn 28. nóv. greiddi ákærði víxilfjárhæðina.

2. Víxill, útgefinn 8. júlí, með gjalddaga 8. okt. 1966, fjárhæð kr. 10.000.00. Ákærði ritaði nafnið Kristján Kristjánsson (Fálkagötu 23) sem samþykkjanda á víxilin og Guðm. Gíslason, Sólheimum 25, sem útgefanda og framseljanda. Víxil þennan seldi ákærði Útvegsbanka Íslands, greiddi hann ekki á gjalddaga og synjaði fyrir það í fyrstu við lögreglurannsókn málsins, að hann hefði selt víxilin, en kannaðist síðar við það. Á Fálkagötu 23 býr Kristján Kristjánsson, en ákærði telur sig ekki hafa haft neinn sérstakan mann í huga, er hann ritaði nafn þetta, og hafi hending ráðið, að þannig tókst til.

3. Víxill, útgefinn 10. ágúst, gjalddagi 10. nóv. 1966, fjárhæð kr. 10.000.00. Sem samþykkjanda ritaði ákærði nú Kristján Kristjánsson (Fálkagötu 21) og Guðm. Gíslason, Sólheimum 25, sem útgefanda og framseljanda. Þennan víxil seldi ákærði í

Landsbanka Íslands. Samkvæmt bréfi Landsbanka Íslands 22. des. f. á. hefur ákærði endurgreitt bankanum víxilfjárhæðina.

4. Víxill, útgefinn 26. ágúst, gjalddagi 26. nóv. 1966, fjárhæð kr. 10.000.00. Nafnritanir á víxli þessum eru á sama veg og frá greinir hér í næsta lið á undan. Þennan víxil seldi ákærði Bún- aðarbanka Íslands og greiddi bankanum víxilinn 29. nóv. 1966.

Ákærði kveðst ekki hafa átt í neinum sérstökum fjárhags- kröggum á s.l. ári, en mann vanti alltaf peninga.

Ákærði kveðst hafa komið í pósthúsið í Reykjavík laugardag- inn 15. október og hafi sér hugkvæmzt að falsa póstávisanir til þess að afla sér fjár. Hann hafi haft með sér tvær útfylltar póst- ávisanir, er hann hafi hugsað sér að stimpla. Póstávisanirnar voru handritaðar, og kveðst hann hafa horfið frá að nota þær, enda mundi betra að vélrita ávisanirnar. Hann hafi því tekið 4 ávisanaeyðublöð og stimplað þær móttökustimpli deildarinnar, frímerkt þær síðan og stimplað frímerkin dagstimpli. Því næst fór hann í skrifstofu sína og vélritaði ávisanir á eyðublöðin. Eina stílaði hann til Haralds B. Hallgrímssonar, c/o Náttúrulækninga- heimilið, Hveragerði, aðra á sama nafn, c/o Miðnes h/f, Sand- gerði, þriðju á sama nafn, c/o Mjólkurbú Flóamanna, Selfossi, og hina fjórðu á sama nafn, c/o Barnaskólinn, Keflavík. Bætti ákærði við heimilisföngin á öllum ávísununum innan sviga: Verð- ur sótt. Ákærði kveðst þriðjudaginn 18. okt. hafa farið með ávis- anirnar út á pósthús, sett þær í viðeigandi umslög og komið þeim í bréfalyftu.

Ákærði átti gamalt ökuskírteini, sem fallið var úr gildi. Breytti hann nafninu á skírteininu í Haraldur B. Hallgrímsson. Gerði hann þetta til að hafa tiltæk persónuskilríki, er hann færi að leysa út ávisanirnar.

Miðvikudaginn 19. okt. fór ákærði austur í Hveragerði og leysti út póstávísunina, sem borizt hafði þangað. Næsta dag fór hann og leysti út ávísunina í Keflavík.

Aðfaranótt föstudagsins 21. okt. var ákærði að skemmta sér í samkomuhúsinu Þórscafé hér í borginni, og ók hann kunningja sínum heim þaðan og að því búnu aftur að Þórscafé. Var hann þá handtekinn af lögreglumönnum vegna gruns um ölvun við akstur. Ákærði kannast við, að hann hafi neytt nokkurs áfengis í Þórscafé, en kveðst þó varla hafa fundið á sér við aksturinn. Í blóðsýni, sem lögreglan lét taka ákærða rúnum klukkutíma eftir handtöku, fundust reducerandi efni, er svara til 1.03% af alkó- hóli. Lögreglumenn fundu nú á ákærða hið falsaða ökuskírteini.

Við rannsókn, sem fram fór hjá rannsóknarlögreglunni næsta dag, bjó ákærði til þá skýringu á skírteininu, að hann ætti kunningja með þessu nafni og hefði ætlað að gefa honum skírteinið til að nota sem nafnskírteini.

Ákærði þóttist nú sjá, að skírteinið mundi koma upp um hann. Ákvað hann að reyna að ná aftur ávísunum þeim, sem hann hafði sent út, án þess að taka þær greiðslur, sem ekki höfðu verið inntar af höndum, og með því að endurgreiða hinar. Fór hann á föstudag suður í Sandgerði í þessu skyni. Ákærði segir, að póstafræðslumaðurinn hafi einhvern veginn ekki skilið, hvað hann átti við, og talið peningana fram á borðið og hafi hann úr því sem komið var orðið að taka við þeim. Hann reyndi að fá að endurgreiða ávísunina í Keflavík, en fékk það ekki. Sama dag ók ákærði austur í Hveragerði í sama tilgangi, en ekki tókst honum heldur að fá að endurgreiða ávísunina, sem þar hafði verið greidd. Hins vegar tókst honum að fá afhenta ávísunina á Selfossi, en eins og áður greinir, hafði hún ekki verið greidd.

Ákærði segist hafa verið einn um brot sín og enginn hafi verið í vitorði með sér.

Ákærði greiddi 2 víxilskuldir með fé því, er hann fékk fyrir ávísanirnar. Einnig greiddi hann bróður sínum 30 þús. kr. skuld.

Ákærði endurgreiddi hinn 21. desember s.l. pósti og síma ávísanafjárhæðirnar, samtals kr. 65.000.00.

Niðurstöður.

Með því að selja í bönkum 4 víxla með fölsuðum nafnritunum, að fjárhæð samtals kr. 40.000.00, hefur ákærði brotið gegn 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga, svo sem segir í I. kafla ákæru.

Með því að nota í lögskiptum 3 póstávísanir, er hann hafði falsað, hefur ákærði einnig brotið gegn 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga. Fjárvinningur ákærða af brotum þessum nam kr. 65.000.00. Ákæra tekur ekki til ávísunar þeirrar, sem ákærði sendi í pósthúsið á Selfossi.

Ákærði misnotaði stöðu sína sem starfsmaður pósts og síma til þess að falsa póstávísanirnar og koma þeim áleiðis. Þykir því eiga að ákveða refsingu hans fyrir skjalafalsbrot þetta með hliðsjón af 138. gr. alm. hegningarlaga, og verður ákvæði þessu beitt samkvæmt heimild 118. gr. laga nr. 82/1961, en 139. gr., sem vísað er til í ákæru, þykir ekki eiga hér við.

Með því að falsa ökuskírteini sitt í því skyni að nota það í lögskiptum, ef á þyrfti að halda, hefur ákærði brotið gegn 155. gr., sbr. 20. gr. alm. hegningarlaga, svo sem ákæra segir.

Ákærði ók bifreið sinni, sem í IV. ákærulið segir, og reyndist alkóhólmagn í blóði hans 1.03%. Hann hefur með því að aka bifreið í því ástandi unnið til refsingar samkvæmt þeim ákvæðum áfengis- og umferðarlaga, sem í ákæru greinir.

Ákærði hefur ekki fyrr sætt neinum kærum né refsingum, ef frá er talin ein sekt fyrir of hraðan akstur.

Þá er rétt að gæta þess við ákvörðun refsingar, að ákærði hefur bætt tjón af brotum sínum.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 10 mánuði.

Ákærði var í gæzluvarðhaldi 19.—23. nóv. 1966, en skilyrði þykja vera til þess samkvæmt 76. gr. alm. hegningarlaga að draga vist þessa, 4 daga, frá refsivist hans.

Samkvæmt ákvæðum áfengis- og umferðarlaga, er í ákæru getur, ber að svipta ákærða ökuleyfi bifreiðarstjóra 6 mánuði frá birtingu dóms þessa. Ber samkvæmt 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga og lögum nr. 82/1961, 178. gr. i. f., að ákveða, að áfrýjun fresti ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Af hálfu Landsbanka Íslands var þess krafizt, að ákærði yrði dæmdur til greiðslu kr. 10.000.00 ásamt 1% mánaðarvöxtum frá 10. nóv. 1966 til greiðsludags, kr. 145.00 í afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu. Hinn 22. des. tilkynnti bankinn, að ákærði hefði greitt höfuðstólinn, kr. 10.000.00, en að öðru leyti hefur krafan ekki verið greidd. Ber að dæma ákærða til að greiða bankanum 1% mánaðarvexti af kr. 10.000.00 frá 10. nóv. til 22. des. 1966 og svo afsagnarkostnaðinn, kr. 145.00. Málskostnaður verður hins vegar ekki dæmdur, þar sem krafa er uppi höfð og dæmd í opinberu máli.

Aðrar fjárkröfur eru ekki gerðar á hendur ákærða í málinu. Póstur og sími gerði á sínum tíma kröfu að fjárhæð kr. 65.000.00 ásamt vöxtum, en ákærði galt höfuðstólinn, og var þá fallið frá kröfunni að öðru leyti.

Rétt er að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Arnfinnur Kjartansson, sæti fangelsi 10 mánuði. Til frádráttar komi gæzluvarðhaldsvist hans 4 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi sínu 6 mánuði frá birtingu dóms þessa. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði Landsbanka Íslands kr. 145.00 og 1% mán-

aðarlega vexti af kr. 10.000.00 frá 10. nóv. til 22. des. 1966.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 5.000.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 16. júní 1967.

Nr. 76/1967. **Fríða Kristjánsdóttir**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Bjarna Kristmundssyni
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Jónatan Hallvarðsson og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Fasteign. Lögbannsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 2. nóvember 1966, en málið var fellt þar niður hinn 3. maí 1967 sökum útivistar umboðsmanns hennar. Hún skaut málinu öðru sinni til Hæstaréttar samkvæmt 36. gr. laga nr. 57/1962 hinn 8. maí 1967 og gerir þessar dómkröfur: *Aðalkrafa, að staðfest verði lögbann það, sem lagt var hinn 4. janúar 1966 við smíð bílskúrs á lóðinni nr. 58 við Flóka-götu, að dæmt verði, að stefnda sé óheimil smíð bílskúrs á nefndri lóð og að honum verði dæmt skylt að færa í fyrra lag það rask, sem hann hefur gert á lóðinni, innan eins mánaðar frá uppsögu dóms í máli þessu að viðlögðum 100 króna dagsektum eða annarri fjárhæð að mati dómsins. Varakrafa, að stefnda verði dæmd óheimil smíð skúrsins, nema skemmsta fjarlægð hans frá tröppum kjallaraíbúðar verði 2.9 metrar og skemmsta fjarlægð hans frá húsinu 1.5 metrar. Önnur varakrafa, að smíð skúrsins verði*